

Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907, undirskrifuð af konungi s. d.

Fjáráukalög fyrir árin 1906 og 1907, undirskrifuð af konungi s. d.

Fjáráukalög fyrir árin 1908 og 1909, undirskrifuð af konungi s. d.

Fjárlög fyrir árin 1910 og 1911, undirskrifuð af konungi s. d.

61 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um afstöðu prestanna í**
 28. maí **Reykjavíkurstakalli hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiftingu í söfnuðinum.**

Eftir að hafa fengið tillögur yðar, háæruverðugi herra, er hjermeð samkvæmt 2. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, skipað svo fyrir um afstöðu væntanlegs annars prests í Reykjavík til dómkirkjuprestsins og um sambandið þeirra í milli og verkaskifting í söfnuðinum, er hjer segir:

1. Prestarnir eru jafnhliða, báðir jafnsjálftæðir.
2. Allir safnaðarlimir, og þá eins sóknarmenn Lágafells og Viðeyjar, er þær sóknir bætast við, mega snúa sjer til hvors prestsins, sem þeir vilja, með framkvæmd allra aukaverka og um alla prestspjónustu. Hvor presturinn um sig er að forfallalaus skyldur til að gegna því prestspjónustustarfi, sem hann er beðinn að vinna. Hvor þeirra á og tekur borgun fyrir verk það, er hann hefir unnið, og ber einn ábyrgð á því.

Hvor presturinn um sig gjörir tafarlaust kirkjuhaldara viðvart um það, er hann þarf að nota kirkjuna til embættisverka, og gengur sá fyrir um afnot hússins, er fyr segir til.

3. Hvor presturinn um sig þrjedikar að forfallalaus hvern helgan dag og til jafnra skifta fyrri og síðari hluta dags, og skal söfnuðinum gjört kunnugt um það. Bætist Lágafells og Viðeyjarsóknir við prestana, er þeim eigi skylt að hafa nema eina guðspjónustu á dag í dómkirkjunni þá helgidaga, er messað er í annarihvorri útkirkjunni, og messar dómkirkjupresturinn í Viðey en annar prestur á Lágafelli.
4. Bókfærsla öll og skýrslugjörð er hjá dómkirkjupresti. Annar prestur heldur jafnframt prestspjónustubók yfir sin verk og færir inn úr henni í prestspjónustubókina hjá dómkirkjupresti eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði. Annar prestur heldur og brjefabók fyrir sig.

Vottorð samkvæmt embættisbókum prestakallsins lætur dómkirkjuprestur í tje og tekur borgun fyrir. Honum ber og borgun fyrir embættisverk unnin af öðrum, sem Reykjavíkurstesti ber að lögum borgun fyrir.

5. Húsvitjanir og manntal í Reykjavíkursókn utan Reykjavíkurbæjar tekur dómkirkjuprestur að sjer á Seltjarnarnesi og í Engey, en annar prestur í

austurhlutanum. Bætist útsóknirnar við hefir dómkirkjuprestur á hendi hús-
vitjun og manntal í Viðeyjarsókn, en annar prestur í Lágafellssókn.

61
28. maí

Þetta tilkynnist yður hjermeð til birtingar fyrir prestunum og fyrir söfn-
uðinum á þann hátt, sem þjer teljið best henta.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning þingstaðar.

62
25. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Álftaneshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Herjólfsstöðum að Þykkva-
bæjarklaustri, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Reglugjörð

63
15. apríl

um

hundalækningar í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um að allir hundar bæjarmanna, 4 mánaða og eldri, sjeu læknaðir af bandormum og ræður í því skyni 2 menn, er hafi með höndum lækningu hundanna, skrásetning þeirra og eftirlit alt, er reglugjörð þessi gerir ráð fyrir.

Enginn bæjarbúi, að undanteknum embættismönnum, bæjarstjórn og starfsmönnum bæjarins, getur skorast undan að gegna starfi þessu 3 ár í senn.

2. gr.

Hundaeigendur skulu hafa helsi á hundum sínum með fangamarki eiganda eða öðru einkenni.

Heilbrigðisnefnd afhendir lækningamönnum bók, er árlega skulu í skráðir hundar bæjarins, aldur, heiti, mark á helsi þeirra, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skráð, hvenær lækningar fari fram og með hverjum árangri.

3. gr.

Steinlindan kofa til lækninganna lætur bæjarstjórn gjöra og skal færa þangað hunda til lækningar samkvæmt auglýsingu lækningamanna.